

BORGARRÁÐ 30. mars 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um aukna umferð vegna uppbyggingar á BYKÓ-reit - R17030296

Fyrir liggur mikil uppbygging á svokölluðum BYKO reit á horni Hringbrautar, Framnesvegur og Sólvallargötu, eða 15.700 fm af byggingarmagni og þar af 70 íbúðir ásamt gistisstað og verslun og þjónustu. Þessi uppbygging er í miklu nábýli við Vesturbæjarskóla sem er þéttsetinn af börnum, ásamt því sem börn svæðisins sækja síðan efsta stig grunnskóla í Hagaskóla og þurfa að fara yfir Hringbraut, a.m.k. Því er óskað eftir upplýsingum um hvort að úttekt hafi farið fram, eða gert umferðarmódel vegna fyrirhugaðar aukningar á bílaumferð um vestasta hluta Hringbrautar, þ.e.a.s. frá gatnamótum Hofsvallagötu og Hringbrautar og niður að Ánanaustum. Hver er áætluð aukning? Til hvaða aðgerðar hyggst borgin grípa til að tryggja samgönguleiðir barnanna til og frá skóla og íþróttamannvirkja á KR svæðinu, vegna aukningar á umferð.



Borgarráð

Reykjavík 17.05.2017

Varðar fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina í borgarráði þann 30. mars 2017. Um aukna umferð vegna uppbyggingar á Sólvallagötu 79 (BYKÓ-reit).

Á svokölluðum BYKÓ reit eru skráðir 1483 m² af skrifst.- og verslunarhúsnæði og 486 m² af lagerhúsnæði. Ferðamyndun samkv. þeirri starfsemi er um 250 ferðir á sólarhring. Núverandi umferð að og frá reitnum er því 500 bílar á sólarhring sem að megninu til kemur frá Hringbraut inn á reitinn.

Samkv. drögum að deiliskipulagi sem eru til kynningar er gert ráð 70 íbúðum og 4900 m² atvinnuhúsnæði fyrir hótél, verslun ofl. Ferðamyndun samkv. þeirri starfsemi er um 570 ferðir á sólarhring. Ef tekið er tillit markmiða Aðaskipulags má reikna með 35% færri ferðum bíla á svæðinu, þ.e. 370 ferðir. Nettó aukning ferða eftir uppbyggingu er því 120 ferðir eða 240 bílar á sólarhring að og frá reitnum. Heildarumferð eftir uppbyggingu er áætluð samkvæmt framansögðu $2 \times 370 = 740$ bílar á sólarhring, að og frá. Sú umferð mun koma frá Sólvallagötu samkvæmt deiliskipulagstillögunni.

Umferð á Hringbraut á mótí Vesturbæjarskóla er um 20 þús. bílar á sólarhring. 240 bíla aukning sem mun dreifast víðar en á Hringbraut er lítil viðbót og mun valda óverulegum viðbótartöfum.

Stefán Agnar Finnsson,
yfirverkfræðingur